Íslenzka vikan.
Kýmniþáttur um stjórnmál.
2 blöð.

19.

## Íslenzka vikan

Ný nefnd ni-höfðuð er sett á stúfana til þess að kenna okkur Íslendingum átið. Ég er eldrauður bolsi, útskrifaður úr Kommúnistaskóla þeirra Jónasar og Ólafs og sé nú gott tækifæri til þess, að gangast fyrir stofnun nýrrar nefndar, sem ég ætlast til að hafi það fyrir markmið, að rífa allt það niður sem þessi níu-mannanefnd gerir svo að ófriður og allskonar djöful-skapur viðhaldist í landinu.

Til þess að þetta verði, ætlast ég til að lög verði samin fyrir nýju nefndina og séu þau að mestu sniðin eftir tillögum þeim er áður hafa komið fram, frá helztu og alþekktustu spekingum vorrar aldar, prófessorunum, sem mest hafa skrifað um þessi mál í blöðin og fengið ríflegust ritlaun fyrir.

Ég er ekki búinn að semja lagafrumvarpið enn þá, en býst við að verða langt kominn með það, þegar þing kemur saman og á þá von á, að ráðherr-arnir flytji frumvarpið sem stjórnarfrumvarp, enda sé það sniðið eftir tillögum þeirra, eins og ég veit að vera muni bezt í samræmi við skoðanir þeirra, vilja og óskir.

gr. hljóði svo:

Allir menn í landinu svelti mánuðum saman, svo þeir verði því færari um að greiða skuldir sínar

gr. Öll börn séu afnumin, nema magabörn

gr. Í stað vínfanga, svo sem Sauðbæjarhásler og annars heimabruggs, komi ein skeppa af skrápssalti á mann hvern í landinu.

gr. Allir dómstólar séu niðurfelldir, nema sleggjudómar og engum gefin sök á því þó þeim sé ekki hlýtt eða þeir hafðir að neinu.

gr. Allar ýsur, hvort heldur þær eru keyptar, gefnar eða þeim stolið, skulu teknar af þeim, sem þær hafa í höndum og þeir barðir með þeim.

gr. Engum báti eða skipi má sleppa frá landi, sem hefir olíu eða benzín, árar eða segl eða önnur björgunartæki innan borðs

gr. Bæjarstjórnir allar skulu segja af sér, ella séu þær reknar út og þær landar með klakastykkjum, grjóti og fornum ýsum (sbr. gr.)

gr. Allar opinberar stöður, séu veittar þeim mönnum einum, sem vissa er fyrir, að ekkert kunna neitt til neins og þeir látnir ganga fyrir öllum slíkum embættaveitingum, aukaúthlutingum af almannafé, sem með framkomu sinni áður, hafa sýnt það, að þeir geti eytt öllu og allt eyðilagt sem þeir koma nálægt.

gr. Þeir sem áður hafa brotið lög landsins og að litla-hrauni komið, hafi pela uppí á vasann, svo þeir verði samkvæmishæfir, hvort heldur er í Gaulverjabæ eða við Ölvosárbrú og geti staðið fyrir öllum áflogum, barsmíð og meiðslum þar og annarstaðar.

gr. Ráðherrar skulu eyða landsfé eins og hverjar aðrar engisprettur, svo ekkert sé eftir handa bændalýðnum landsins.

gr. Verkfæri og vélar skulu fengnar til þess að ná öllum mosa úr skeggi bændalýðsins og uppræta hann, þó skal gæta þess, að húsin sé friðhelg og þeir verðlaunaðir, sem hann hafa mesta.